



Fundargerð

190. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands haldinn miðvikudaginn 26. september 2018 kl. 13.00 að Austurvegi 65, Selfossi.

Mætt: Páll Stefánsson, Svanborg Egilsdóttir, Guðrún S. Magnúsdóttir, Þorgils Torfi Jónsson, Oddur Árnason, Valur Bogason (símleiðis) og Sigrún Guðmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Pétur Skarphéðinsson boðaði forföll.

Páll Stefánsson, formaður setti fund, bauð fundamenn velkomna og gengið var til dagskrár.

1. Starfsleyfi, umsagnir,

a) Starfsleyfi

Málum lokið:

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
1809016HS	Starfsleyfi - Eigendaskipti	Hótel Katla - Keahótel ehf.	871	07.09.2018
1809010HS	Starfsleyfi - Eigendaskipti	Gisting - Merkgil, Eyrarbakka - Suðurpóllinn ehf.	800	04.09.2018
1809006HS	Starfsleyfi eigendaskipti	Félagsbúið Skarði sf. - Minna gistiheimili	851	04.09.2018
1808065HS	Starfsleyfi eigendaskipti	Áning, tjald- og hjólhýsasvæði Stóra-Klofa, Landssveit - Eternal Resorts ehf.	851	31.08.2018
1808054HS	Starfsleyfi - Nýtt	Icelandic Lava Show ehf.	870	30.08.2018
1808039HS	Starfsleyfi, nýtt	Fótaaðgerðastofa Öldu - Emburhöfði ehf	900	22.08.2018
1808033HS	Starfsl.endurn – br. á húsnæði	Þvottahúsið Hekla - Tölvu- og fjarskiptaþjónustan ehf.	850	21.08.2018
1808030HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Kyrrðin ehf. - Buubbles Ölvisholti	801	21.08.2018
1808019HS	Starfsleyfi - endurnýjun	Kanslarinn - Gilsá ehf	850	15.08.2018
1808004HS	Starfsleyfi	1000 Ára Sveitaþorp ehf.	851	07.08.2018

Í vinnslu:

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
1807085HS	Umsókn um starfsleyfi	Sumarhús Útey 1 – Lóð 74, Bláskógabyggð - Guðmundur Ómar Halldórsson	840	19.07.2018
1508035HS	Starfsleyfi ný starfsemi	MOSEY ehf – Hellismýri 14, Selfossi	800	19.08.2015



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65
800 Selfoss
Sími: 480 8250

1809037HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Vörumiðlun	850	14.09.2018
1809023HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Ker hótél ehf. Miðengi	801	10.09.2018
1809013HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Grund Cottage - Viðar Björgvinsson	881	06.09.2018
1809012HS	Starfsleyfi ný starfsemi	The Old Farmhouse - Anton Vignir Guðjónsson	861	06.09.2018
1809008HS	Starfsleyfi - Nýtt	Gisting Hemrumörk - Steinkápa ehf.	881	04.09.2018
1809005HS	Starfsleyfi	Kráin ehf	900	03.09.2018
1808064HS	Starfsleyfi, nýtt -	Skeiða- og Gnúpverjehr. v/gámasv. Brautarh.	801	31.08.2018
1808063HS	Starfsleyfi, nýtt -	Skeiða- og Gnúpverjehr. r v/gámasv. s í Árnosi	801	31.08.2018
1808062HS	Starfsleyfi, nýtt - Spesían	SPESÍAN ehf. - Færanleg steypustöð	860	31.08.2018
1808047HS	Starfsleyfi – eigendaskipti	Kaffi krús - Kögunarhóll ehf	800	28.08.2018
1808027HS	Starfsleyfi nýtt	Gisting - Skeiðháholt 2b ehf.	800	17.08.2018
1806046HS	Starfsleyfi, endurnýjun	Fiskmark ehf	815	19.06.2018

Starfsleyfisskilyrði fyrir Mosey ehf. vegna hreinsiefnaframleiðslu á Selfossi er í lögbundnu kynningarferli sbr. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit msbr. Samþykki skipulags- og bygginayfirvalda liggur fyrir og verður starfsleyfið veitt að loknu kynningarferli að því gefnu að engar athugasemdir berist við auglýst skilyrði.

Starfsleyfisumsókn Fiskmark ehf. vegna heitloftspurrkunar fiskafurða hefur verið í lögbundnu auglýsingaferli sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Athugasemdir hafa borist frá 42 einstaklingum á auglýsingatímanum þar sem lagst er gegn útgáfu starfsleyfisins, vegna óþæginda sem íbúar verða fyrir vegna lyktarmengunar. Efnislegar athugasemdir við starfsleyfisskilyrðin bárust frá einum einstaklingi. Heilbrigðisnefnd hefur farið yfir allar innsendar athugasemdir og tekið afstöðu til þeirra. Niðurstaða heilbrigðisnefndar er að starfsleyfi fyrir Fiskmark ehf. fyrir heitloftspurrkun fiskafurða í Þorlákshöfn verði gefið út tímabundið til 30. júní 2019 eins og auglýst hefur verið. Nánar er gerð grein fyrir afstöðu nefndarinnar í greinargerð sem fylgir með útgefnu starfsleyfi.

Starfsleyfisumsókn Guðmundar Ó Halldórssonar vegan gistingar í sumarhúsi er hafnað þar sem ekki er heimilt að reka gististarfsemi á skilgreindu orlofshúsasvæði í aðalskipulagi.

Aðrar ofangreindar umsóknir í vinnslu samþykktar með fyrirvara um jákvæða úttekt heilbrigðisfulltrúa og/eða afgreiðslu skipulags- og byggingaryfirvalda.



d) Rekstaryfirlit

Yfirlit yfir tekjur og gjöld – til kynningar

2. Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs.

a) Dagskrá aðalfundar HES samþykkt

b) Fjárhagsáætlun 2019 og gjaldskrá kynnt og samþykkt að leggja fyrir aðalfund til afgreiðslu.

c) Heilbrigðisnefnd Suðurlands leggur til að farið verði í nýtt átak um „Hreint Suðurland“ og að hreinsunaráttak verði gert í umdæminu á árinu 2019 með hreinsun lóða á grundvelli heimilda í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og verði lóðarhöfum gert að fara í hreinsun þar sem þess er þörf.

Í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti þar sem segir í 18. gr. 1. mgr: *Eigandi eða umráðamaður húss eða mannvirkis skal halda eigninni hreinni og snyrtilegri ásamt tilheyrandi lóð og girðingum, þannig að ekki valdi öðrum ónæði*“ og 20. gr. 1. mgr.: *„Bannað er að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma hluti, búnað eða tæki á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýti á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti“.*

Þá er einnig bent á 17. gr. reglugerða nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs:

„Umráðamönnum lóða er skylt að halda þeim hreinum og snyrtilegum.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með almennum þrifnaði og hreinlæti utanhúss og hlutast til um að fram fari eftir þörfum almenn hreinsun lóða og lendna í þrifnaðarskyni.

Nefndin getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóðum, girðingum og mannvirkjum, ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

Nefndinni er heimilt að fyrirskipa hreinsun lóða og lendna og ef sérstök ástæða er til niðurrif húsa og girðinga í niðurníðslu.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta fjarlægja númerslausar bifreiðar og bíflök og sambærilega hluti að undangenginni viðvörun, t.d. með álímingarmiða með aðvörunarorðum.

Heilbrigðisnefnd getur látið hreinsa einkalóðir á kostnað eigenda telji nefndin þess þörf vegna mengunar og óhollustu.

3. Innsend erindi

a) Þingvallabjórðgarður, stefnumótun til umsagnar



4. Úr eftirliti

a) Ferðapjónustan Úthlið

Bréf varðandi kröfur um úrbætur kynnt og framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir.


b) Árhús, Hellu


Bréf varðandi kröfur um úrbætur kynnt og framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir.


5. Önnur mál

a) Kynning á eftirlitsskráningarkerfi frá MAST vegna breytinga á lögum um matvæli

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:20



Páll Stefánsson


Guðrún S. Magnúsdóttir


Oddur Árnason


Svanborg Egilsdóttir


Þorgils Torfi Jónsson


Sigrún Guðmundsdóttir

Valur Bogason